

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulag Skógarhverfis - 1. áfangi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. maí 2006, var samþykkt deiliskipulag Skógarhverfis -1. áfanga á Akranesi.

Skipulagssvæðið er í Garðaflóa og er svæðið um 12,2 ha að flatarmáli.

Annars vegar er um að ræða 94 íbúðir sem eru einnar og tveggja hæða einbýlis-, par-, og raðhús og hins vegar 178 íbúðir í tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsabyggð.

Á fjölbýlishúsalóðum á norðurjaðri skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir bílageymslum neðanjarðar.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. júní 2006.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2006